

**Ed. 1069. Breytingartillaga [301. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá Svavari Gestssyni.

Aftan við frumvarpið bætast svofelld ákvæði til bráðabirgða:

**I**

Við þá heildarendurskoðun, sem fyrir dyrum stendur á húsnæðislöggjöfnni, skal sérstaklega athugað:

*Í fyrsta lagi* hvort ekki er nauðsynlegt að hafa í lögum um kaupleiguíbúðir heimild til að hækka láns hlutfall til framkvæmdaðila þegar í hlut eiga illa stæð sveitarfélög.

*Í öðru lagi* að upp verði tekið í kaflanum um félagslegar kaupleiguíbúðir ákvæði sem heimila leigu samfara kaupum á tilteknum eignarhlut.

*Í þriðja lagi* samræmingu lánskjara mismunandi útlánaflokka.

**II**

Meðan væntanleg endurskoðun laga um Húsnæðisstofnun ríkisins stendur yfir er húsnæðismálastjórn heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með, að veita illa stöddum sveitarfélögum viðbótarlán til að gera þeim kleift að koma af stað byggingu félagslegra kaupleiguíbúða. Skal húsnæðismálastjórn heimilt að verja í þessu skyni jafngildi allt að 50 millj. kr. árlega á næstu þremur árum eða svo lengi sem endurskoðun laganna stendur yfir.